Nefndarálit Allsherjarnefndar.

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. 1

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi eftirfarandi breytingar á lögum LH, stafliður a-f.

a. *Breytingartillaga við gr. 1.2 Tilgangur og markmið*

LH er æðsti aðili hestaíþrótta á Íslandi. Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er hlutverk LH í meginatriðum:

- að stuðla að, styðja og efla hefðbundna almenna ástundum, keppni, æfingar og þjálfun hesta og líkamlega þjálfun, heilsurækt og menntun knapa þeirra í samræmi við lög þessi og lög ÍSÍ. Skal velferð hestsins ávallt höfð í forgrunni við alla almenna ástundun og í öllum hestaíþróttum;
- að hafa yfirstjórn mála sem varða hestaíþróttir;
- að vinna að eflingu hestaíþrótta í landinu;
- að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, og landnýtinga- og umhverfismála;
- að ~~hafa yfirstjórn og~~ vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi;
- að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis;
- að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga;
- að koma fram gagnvart opinberum aðilum;
- að vinna að stofnun nýrra sérráða og starfshópa;
- að sjá um að til staðar séu nauðsynlegar reglur um keppni í hestaíþróttum;
- að halda utan um menntun, löggildingu, endurmenntun og úthlutun dómara;
- að ráðstafa landsmótum og staðfesta met;
- að vera fulltrúi hestaíþrótta gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur þar sem það á við.

LH starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmál og trúarbrögð. LH skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum LH og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

LH skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og FEIF. Lög, reglur og ákvarðanir LH eru bindandi fyrir alla félagsmenn LH, svo sem keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem starfa innan vébanda aðildarfélaga LH.

b. Breytingartillaga við gr. 3.2 Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku félagsmanna sinna í skipulögðum mótum á vegum LH, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og reglugerðum LH.

Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af LH eða FEIF.

Hestamannafélagi, sem tekur þátt í móti innan vébanda LH, ber að sjá til þess að keppendur, þjálfarar, starfsmenn og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir LH og FEIF. Hestamannafélagi, sem tekur þátt í mótum þar sem keppt er eftir reglum LH, er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar LH, nefnda LH og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu keppenda, forráðamanna og félagsmanna, auk stuðningsmanna keppenda og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda LH og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum LH.

Aðildarfélag skal senda LH upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.

Aðildarfélögum er skylt að færa bókhald og semja ársreikning sbr. lög um bókhald og kröfur ÍSÍ.

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttaanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. ~~trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.~~

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita móta. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í mótum þar sem keppt er eftir reglum LH er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin keppni og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

c. Breytingartillaga við gr. 4.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH.

Landsþing skal haldið annað hvert ár í á tímabilinu 15. október- eða til 30. nóvembermánuði. Skal boða það á sannanlegan hátt með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins ~~sá sem er~~ félagar í hestamannafélagi ~~er kjörgengur fulltrúi viðkomandi aðildarfélags~~ geta verið fulltrúar félagsins á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

[...]

Landsþingi skal stýrt ~~eftir almennum þingsköpum~~ í samræmi við samþykktir LH og viðurkenndar reglur um fundarstjórn.

d. Breytingartillaga við gr. 4.6 Kosning stjórnar, 1. mrg.

Kjörgengir í stjórn eru allir lögráða félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH. Sitjandi formaður, aðrir stjórnarmenn og varamenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, minnst fjórum vikum fyrir landsþing LH. Kjörnefnd er heimilt að samþykkja framboð sem koma fram síðar, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda.

e. Breytingartillaga við gr. 10.2 Að leggja samtökin niður, 1. mgr.

Tillögur um að leggja LH niður má aðeins taka fyrir á lögmætu landsþingi og verður sú tillaga að liggja fyrir þingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þurfa minnst 3/4 viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði.

f. Breytingartillaga, ný gr. sem verður gr. 10.5

10.5 Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á Landsþingi LH í október 2026 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og falla þá eldri lög úr gildi.

Samþykkt af Landsþingi LH dagsetning_____.

Allsherjanefnd tekur undir og leggur til að þingið samþykki tillöguna óbreytta.

Þingskjal nr. 2

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi eftirfarandi breytingar á lögum LH (stafliðir a-d).

a. *Breytingartillaga við gr. 1.2 Tilgangur og markmið*

LH er æðsti aðili hestaíþrótta á Íslandi. Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er hlutverk LH í meginatriðum:

- að stuðla að, styðja og efla hefðbundna almenna ástundum, keppni, æfingar og þjálfun hesta og líkamlega þjálfun, heilsurækt og menntun knapa þeirra í samræmi við lög þessi og lög ÍSÍ. ~~Skal velferð hestsins ávallt höfð í forgrunni við alla almenna ástundun og í öllum hestaíþróttum;~~
- að hafa yfirstjórn mála sem varða hestaíþróttir;
- að vinna að eflingu hestaíþrótta í landinu;
- að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, og landnýtinga- og umhverfismála;
- að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi;
- að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis;
- að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga;
- að koma fram gagnvart opinberum aðilum;
- að vinna að stofnun nýrra sérráða og starfshópa;
- að sjá um að til staðar séu nauðsynlegar reglur um keppni í hestaíþróttum;
- að halda utan um menntun, löggildingu, endurmenntun og úthlutun dómara;
- að ráðstafa landsmótum og staðfesta met;
- að vera fulltrúi hestaíþrótta gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur þar sem það á við.

LH starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmál og trúarbrögð. LH skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum LH og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

LH skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og FEIF. Lög, reglur og ákvarðanir LH eru bindandi fyrir alla félagsmenn LH, svo sem keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem starfa innan vébanda aðildarfélaga LH.

Velferð hestsins skal ávallt höfð að leiðarljósi og vera grundvallarsjónarmið í allri starfsemi, ákvörðunartöku og reglusetningu á vegum LH.

b. *Breytingartillaga við gr. 4.2 Landsþing*

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH.

Landsþing skal haldið annað hvert ár ~~í~~ á tímabilinu 15. október ~~– eða~~ til 30. nóvember ~~mánuði~~. Skal boða það á sannanlegan hátt með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

[...]

Reglur LH um íþróttakeppni (Í) og Almennar reglur um keppni (A) byggja á alþjóðareglum FEIF, sem LH er aðili að. Allar breytingartillögur á reglum LH um íþróttakeppni og Almennum reglum um keppni skulu skoðaðar sem ályktunartillögur til landsþings (þó eru undanskildar þær greinar sem merktar eru sem íslenskar sérreglur). Þær ályktunartillögur sem samþykktar eru á landsþingi, skulu bornar upp af fulltrúum LH á næsta reglulega ársþingi FEIF.

Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH eigi síðar en 15. september á landsþingsári. Til keppnisreglna teljast (A) Almennar reglur um keppni, (Í) Reglur um íþróttakeppni, (GK) Reglur um gæðingakeppni, (GL) Reglur um gæðingalist, (FY) Reglur um fimikeppni í yngri flokkum, (H) Reglur um hindrunarstökk í yngri flokkum. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

c. *Breytingartillaga við gr. 4.3 Atkvæðisréttur á landsþingi, 4. mgr.*

Auk kjörinna fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi ~~og tillögurétt~~:

- Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðandi
- Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fulltrúi héraðssambanda/íþróttabandalaga
- Formaður/fulltrúi nefnda LH
- Formaður/fulltrúi Gæðingadómarafélags Landssambands hestamannafélaga og Hestaíþróttadómarafélags Íslands
- Formaður/fulltrúi Járningamannafélags Íslands
- Formaður/fulltrúi Félags tamningamanna

Auk þess getur stjórn LH boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Tillögurétt hafa:

- Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðandi
- Stjórnir aðildarfélaga
- Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fulltrúi héraðssambanda/íþróttabandalaga
- ~~Formaður/fulltrúi nefnda~~ Nefndir LH

- ~~Formaður/fulltrúi~~ Gæðingadómarafélag~~s~~ Landssambands hestamannafélaga og Hestaíþróttadómarafélag~~s~~ Íslands
- ~~Formaður/fulltrúi~~ Járningamannafélag~~s~~ Íslands
- ~~Formaður/fulltrúi~~ Félag~~s~~ tamningamanna

d. Breytingartillaga við gr. 4.4 Dagskrá þingsins

- Þingsetning
- Kosinn þingforseti, varaþingforseti, þingritari og varaþingritari
- Kjör þingnefnda:
    - Fjárhagsnefnd (fimm menn)
    - Allsherjarnefnd (fimm menn)
    - Æskulýðsnefnd (fimm menn)
    - Keppnisnefnd (fimm menn)
    - ~~Kynbótanefnd (fimm menn)~~
    - Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn)
    - Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.
- Lögð fram skýrsla stjórnar
- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og skoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára
- Lagðir fram til kynningar skoðaðir reikningar LM ehf. og gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Lagðir fram til kynningar skoðaðir reikningar Skógarhóla ehf. og gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið, vísað til þingnefnda
- **Þinghlé,** þingnefndir starfa
- Þingnefndir skila störfum, umræður um framlögð mál og atkvæðagreiðsla
- Kosning stjórnar, varastjórnar og löggilts endurskoðanda
- Kosning fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ, eða borin fram tillaga um að vísa til stjórnar vali á fulltrúum á íþróttaþing (með samþykki 4/5 þingfulltrúa)
- Önnur mál
- Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar
- **Þingslit**

Stjórn LH dregur c. Lið tillögunnar til baka eftir ábendingu frá ÍSÍ.
Allsherjarnefnd til að tillagan sé samþykkt að öðru leiti.

Þingskjal nr. 4

Flytjandi Hestamannafélagið Fákur, Hestamannafélagið Sprettur, Hestamannfélagið Sörli, Hestamannafélagið Hörður, Hestamannafélagið Sóti og Hestamannafélagið Léttir.

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að laga- og reglugerðarumgjörð um hesthús og hesthúsahverfi verði styrkt með það að markmiði að tryggja að þau nýtist til hestahalds og starfsemi sem tengist hestamennsku.

Landsþing felur stjórn LH að:

1. Beita sér fyrir því að hesthúsahverfi njóti verndar í lögum og reglugerðum, óháð eignarhaldi hesthúsa, og að skýrar og samræmdar reglur gildi um landnotkun og heimila starfsemi á svæðunum.
2. Beita sér fyrir því að búseta, breytingar á hesthúsum í íbúðarhúsnæði og önnur starfsemi sem er ótengd hestamennsku, svo sem almenn atvinnu- og geymslustarfsemi, verði ekki heimiluð í skipulögðum hesthúsahverfum. Jafnframt verði tryggt að viðeigandi stjórnvöld bregðist við óheimilli notkun hesthúsa og fylgi eftir gildandi reglum um nýtingu þeirra.
3. Beita sér fyrir því að laga- og reglugerðarumgjörð taki sérstaklega mið af öryggi og velferð hrossa sem hýst eru í hesthúsahverfunum.
4. Móta sameiginlega stefnu LH um vernd hesthúsahverfa, í samráði við aðildarfélög sambandsins, til grundvallar hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og sveitarfélögum.
5. Kynna tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum á formannafundi LH árið 2027 og gera grein fyrir framgangi málsins á Landsþingi LH 2028.

Allsherjarnefnd mælir með því að tillagan verði ekki samþykkt í óbreyttri mynd en leggur til svohljóðandi breytingartillögu.

65. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, felur stjórn LH að senda formlegt erindi til viðeigandi ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga og óska eftir samstarfi og aðgerðum til að tryggja vernd hesthúsahverfa og að þau nýtist áfram til hestahalds og starfsemi tengdrar hestamennsku.

    Jafnframt verði óskað eftir því að farið verði yfir gildandi laga- og reglugerðarumgjörð, eftirlit og eftirfylgni með óheimilli notkun hesthúsa, með það að markmiði að tryggja öryggi og velferð hrossa og varðveita tilgang hesthúsahverfa.

Þingskjal nr. 8

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að fela stjórn LH að setja af stað verkefni sem hafi það að markmiði að efla og styrkja sjálfboðaliðastarf við mótahald. Skoða þarf hvernig megi gera sjálfboðaliðastarf eftirsóknarverðara og hvort sé þörf á framlögum keppenda og/eða aðstandenda við sjálfboðaliðastörf á mótum.

Þingskjal nr. 9

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli

Lagt fyrir _ allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur um þátttöku keppenda í starfi á mótum með það að markmiði að auðvelda framkvæmd og skipulagningu móta.

Allsherjarnefnd mælir með því að hafna tillögum á þskj. 8 og 9, en leggur jafnframt til eftirfarandi tillögu:

65. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30.–31. október 2026, felur stjórn LH að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að móta tillögur um eflingu sjálfboðaliðastarfs innan hestamannahreyfingarinnar.
Starfshópurinn skoði meðal annars möguleika á aukinni fræðslu og námskeiðahaldi fyrir sjálfboðaliða, svo sem í ritarastörfum, þulastörfum, fótaskoðun og öðrum verkefnum sem tengjast mótahaldi og félagsstarfi.
Starfshópurinn skili tillögum sínum til kynningar og umræðu á næsta formannafundi LH.

Þingskjal nr. 11

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _ allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að LH standi fyrir átaki í umgengnismálum.

Allsherjarnefnd tekur undir mikilvægi þess að gæta að umgengni en leggur til að tillögunni verði hafnað, og leggur til eftirfarandi tillögu sem gengur í raun lengra.

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30.–31. október 2026, felur reiðveganefnd LH að bæta við reiðvegahandbók leiðbeiningum um góða umgengni hestamanna á reiðvegum og áningarstöðum.

Þingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að þeir dómarar sem eru yfirdómarar á mótum hérlendis hafi þá ~~aukna~~ þekkingu sem til þarf til að gegna því hlutverki.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með ofangreindri orðalagsbreytingu.

Þingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að fylgjast með reglugerðarbreytingum í skeiðkappreiðum. Passa upp á að æskileg hvíld sé milli spretta, ekki of stutt og ekki of löng, einnig að hugað verði vel að allri velferð skeiðhesta í kappreiðum.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði felld

Stjórn fer með þetta hlutverk í dag og ekki talin þörf á að bera upp.

Þingskjal nr. 20

Flytjandi starfshópur um endurskoðun reglugerðar um Fjórðungsmót

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að fella brott öll ákvæði um Fjórðungsmót í reglugerð um Landsmót og Fjórðungsmót.

Allsherjarnefnd mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 36

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir fella niður Reglugerð um Áhugamannamót Íslands í heild sinni og verður reglugerðin ekki hluti af regluverki LH.

Allsherjarnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 37

Flytjandi Hestamannafélagið Þytur, Hestamannafélagið Adam, Hestamannfélagið Borgfirðingur og Hestamannafélagið Snæfellingur.

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir

að viðurkenna hestafimleika (Vaulting) sem íþróttagrein innan Landssambands hestamannafélaga (LH).

Viðurkenningin felur í sér að hestafimleikar verði skilgreindir sem sjálfstæð íþróttagrein innan LH, með möguleika á skipulögðu æfinga- og keppnisstarfi. Sem fyrsta skref í uppbyggingu greinarinnar samþykkir þingið jafnframt að heimilt verði að þróa og halda keppni í hestafimleikum á byrjendastigi, með það að markmiði að skapa öruggan og faglegan grunn fyrir áframhaldandi þróun greinarinnar.

Þingið samþykkir jafnframt að:

1. Hestafimleikar verði teknir inn sem íþróttagrein innan LH og njóti þar með viðeigandi stöðu og viðurkenningar sem íþróttagrein.
2. Keppnisfyrirkomulag á byrjendastigi verði fyrsta stig í uppbyggingu greinarinnar, þannig að börn, unglingar og aðrir byrjendur geti tekið þátt í öruggum og stigvaxandi keppnum.
3. Gildandi FEI Vaulting Rules, ásamt öðrum viðeigandi reglum og leiðbeiningum FEI, verði hafðar til hliðsjónar sem alþjóðlegur og tæknilegur viðmiðunarrammi við uppbyggingu greinarinnar.
4. Leggja fyrir þingið drög að reglugerð um hestafimleika.
5. LH vinni áfram í samráði við starfandi iðkendur, þjálfara, hringteymara, dómara og aðra sérfræðinga, íslenskt reglugerðarverk fyrir hestafimleika sem taki mið af íslenskum aðstæðum og geri ráð fyrir stigvaxandi þróun frá byrjendastigi yfir í lengra komið keppnisstig.
6. Við þróun keppnisfyrirkomulagsins verði sérstaklega horft til öryggis iðkenda, velferðar hestsins, fagmennsku, sanngirni, jafnræðis og íþróttalegs heiðarleika.
7. LH vinni markvisst að uppbyggingu greinarinnar með fræðslu og stuðningi við iðkendur, þjálfara, hringteymara, dómara og annað fagfólk.
8. LH kanni möguleika á samstarfi við FEI og erlend landssambönd og samtök þar sem hestafimleikar eru stundaðir, meðal annars varðandi reglur, fræðslu, þjálfun, öryggi, hestavelferð og dómaramenntun.
9. Við uppbyggingu greinarinnar verði sérstaklega horft til barna- og unglingastarfs, þannig að hægt sé að hefja þátttöku á einföldu og öruggu byrjendastigi og byggja færni iðkenda stig af stigi.
10. Stjórn LH feli viðeigandi nefnd eða starfshópi að vinna áfram að útfærslu reglugerðarverks og keppnisfyrirkomulags og leggja tillögur að áframhaldandi þróun greinarinnar fyrir stjórn LH eða Landsþing eftir því sem lög og reglur LH kveða á um.
11. Langtímamarkmið uppbyggingarinnar verði að þróa hestafimleika á Íslandi í átt að alþjóðlegri keppnisgrein, með FEI sem fyrirmynd, þannig að íslenskir iðkendur geti til framtíðar tekið þátt í alþjóðlegu keppnisstarfi.

Allsherjarnefnd lítur jákvætt í tillöguna en telur að ákveðin undirbúningur þurfi að hafa átt sér stað og leggur til eftirfarandi breytingu.

65. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að vísa tillögu um viðurkenningu hestafimleika sem sjálfstæðrar íþróttagreinar innan LH til stjórnar sambandsins til frekari skoðunar og úrvinnslu.

Stjórn LH verði falið að skoða sérstaklega þær skyldur og afleiðingar sem formleg viðurkenning greinarinnar kann að hafa í för með sér, meðal annars hvað varðar fjárhagsleg áhrif, regluverk, öryggismál, alþjóðlegt samstarf og skyldur gagnvart ÍSÍ og FEIF

Jafnframt verði skoðað hvernig staðið verði að uppbyggingu greinarinnar og hvaða áhrif hún kann að hafa á starfsemi LH og aðildarfélaga þess.

Samhliða samþykkir Landsþing að hestafimleikar verði tekin inn sem tilraunakeppnisgrein innan landssambands hestamanna án skuldbindinga fyrir sambandið.

Þingskjal nr. 38

Flytjandi Stjórn LH

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, staðfestir þær breytingar sem stjórn LH gerði á regluverki LH á milli Landsþinga, sbr. gr. 10.4 í lögum LH.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 43

Flytjandi Hestamannifélagið Hörður

Lagt fyrir allsherjarnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að fela stjórn LH að gera heildstæða og skjalfesta yfirferð á framtíðarfyrirkomulagi mótakerfis LH, réttindum tengdum SportFeng og mótagögnum og samningssambandi LH við HorseDay vegna HorseDay Móta.

Við yfirferðina verði sérstaklega gerð grein fyrir eftirfarandi:
1. Sportfengur og heimildir LH Eignarhaldi og ráðstöfunarheimildum vegna SportFengs og því hvort og með hvaða hætti sú staða hefur breyst frá 63. Landsþingi LH árið 2022, þar sem sú afstaða kom fram í áliti fjárhagsnefndar að LH ætti ekki SportFeng heldur hestamannafélögin.

2. Ákvörðun um nýtt mótakerfi Forsendum ákvörðunar um að hætta notkun SportFengs og taka upp HorseDay Mót, þ.m.t. þarfagreiningu, valkostum og samanburði á kostnaði og ávinningi, eftir því sem slík gögn liggja fyrir.

3. Samningssamband LH og HorseDay Helstu réttindum og skuldbindingum LH samkvæmt samningum við HorseDay vegna mótakerfis og miðlunar upplýsinga úr mótahaldi, þ.m.t. gildistíma, uppsagnarheimildum, hugverkaréttindum, gjaldtöku og möguleikum LH til að færa þjónustuna síðar til annars þjónustuaðila.

4. Mótagögn og aðgangur að þeim Eignarhaldi, yfirráðum og ráðstöfunarrétti vegna gagna um mótahald og þeim reglum og samningsskuldbindingum sem gilda um aðgang þriðju aðila að slíkum gögnum.

5. Samkeppni, nýsköpun og jafnræði þjónustuaðila Hvort og að hvaða marki samningar LH við HorseDay takmarka möguleika annarra þjónustuaðila til að fá vélrænan aðgang að mótagögnum eða þróa þjónustu sem byggir á þeim. Sérstaklega verði metið hvernig fyrirkomulag aðgangs að mótagögnum geti stuðlað að heilbrigðri samkeppni, nýsköpun og þróun nýrrar stafrænnar þjónustu fyrir hestamenn, enda verði jafnframt gætt að rekstraröryggi, persónuvernd og öðrum lögmætum hagsmunum LH og aðildarfélaga þess.

6. Langtímahagsmunir LH og aðildarfélaganna Hvernig tryggt verði að LH og aðildarfélög þess hafi til framtíðar fullnægjandi yfirráð yfir mótagögnum, nauðsynlegan aðgang að þeim og raunhæfa möguleika á að færa mótakerfi og tengda þjónustu milli þjónustuaðila. Landsþing beinir því jafnframt til stjórnar LH að niðurstaða yfirferðarinnar verði kynnt aðildarfélögum LH og að við áframhaldandi innleiðingu HorseDay Móta verði tryggt að réttindi, gögn, rekstraröryggi og langtímahagsmunir LH og aðildarfélaga séu nægilega varin. Landsþing leggur jafnframt áherslu á að fyrirkomulag mótagagna verði, eftir því sem unnt er og að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna LH og aðildarfélaga þess, þannig úr garði gert að það skapi svigrúm fyrir samkeppni og nýsköpun og geri ólíkum þjónustuaðilum kleift að þróa nýjar lausnir og þjónustu sem nýtist íslenskum hestamönnum.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði felld.

Nefndin taldi mikilvægt að gæta hagmuna LH og aðildafélaganna. Tillagan er of umfangsmikil og ómarkviss. Hún felur í sér víðtæka úttekt á samningum, eignarhaldi án þess að sýnt hafi verið fram á

sérstaka annmarka á núverandi fyrirkomulagi. Stjórn LH ber ábyrgð á samningum og rekstri mótakerfisins og mikilvægt er að henni sé treyst til að sinna því hlutverki.